

Ársskýrsla Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fyrir árið 2021

Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2022-2024: Staða árangurmælikvarða.

Kjarnastarfsemi:

Markmið 1 er að fjölga nemendum sem ljúka stúdentsprófi á 3,5 ári.

Árangurmælikvarðarnir eru þrír; hlutfall nemenda sem útskrifast úr FMOS eftir 3,5 ár, námstími á stúdentsbrautum og brotthvarf nemenda. Staðan á árinu 2020 var þannig að 17% nemenda útskrifast eftir 3,5 ár en stefnt er að því að hlutfallið verði 25% árið 2022. Enn er stefnt að því að meðalnámstími í skólanum verði 3,5 ár og markmiðið var að það yrði staðan 2021 en niðurstaðan er sú að námstíminn helst stöðugur í 3,6 árum. Varðandi þriðja árangurmælikvarðann, brotthvarf nemenda, er ekki hægt að birta marktækar niðurstöður vegna áhrifa Covid-19. Aðgerðir sem farið var í til að ná settum markmiðum var að bæta aðgengi nemenda að upplýsingum um áfanga skólans og meðal annars var ný vefsíða tekin í notkun. Einnig var áfram unnið sérstaklega með þá nemendur sem koma með slakan undirbúning úr grunnskóla og þeim boðið nám á framhaldsskólabrú.

Markmið 2 er að tryggja gæði náms og kennslu.

Hér er árangurmælikvarðinn hlutfall áfanga sem standast gæðakröfur nemenda. Ákveðið var að leggja fyrir könnun hjá nýútskrifuðum nemendum og er sú könnun í vinnslu og einnig stendur til að endurskoða kennslu í kjarnagreinum með tilliti til undurbúnings fyrir háskólanám til að tryggja að nemendur úr FMOS séu vel undir það búnir að hefja nám í háskóla.

Rekstrarþættir:

Markmið 1 er aukin starfsánægja.

Mælikvarðarnir sem settir eru fram eru staða skólans í könnuninni „Stofnun ársins“, starfsmannavelta og könnun á líðan starfsfólks. Skólinn hefur verið í kring um 20. sæti í „Stofnun ársins“ og nú er markmiðið að vera í 10. sæti. Fyrir utan að hvetja til þátttöku og kynna könnunina vel er ein aðgerðin að bæta upplýsingaflæði til starfsfólks og gera ýmsar úrbætur varðandi vinnuumhverfið.

Nemendur

Fjöldi nemenda á árinu 2021 var 308 á vorönn og 327 á haustönn. Fjöldi nýnema sem sækja um FMOS beint eftir 10. bekk hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár, um það bil 60 nemendur. Aldursdreifing í skólanum hefur breyst töluvert á undanförunum árum, í þá átt að eldri nemendum fækkar frá því sem áður var og þeim yngri fjölgar. Mynstrið er þannig að fjórir yngstu árgangarnir eru fjölmennastir, en fáir nemendur úr öðrum árgöngum.

Nám

Boðið er upp á nám á fimm námsbrautum í skólanum, framhaldsskólabraut, sérnámsbraut og þremur stúdentsbrautum. Stúdentsbrautirnar eru félags- og hugvísindabraut, náttúruvísindabraut og opin stúdentsbraut. Á opinni stúdentsbraut er val um þrjú kjörsvið; almennt kjörsvið, hestakjörsvið, íþrótt- og lýðheilsukjörsvið. Framhaldsskólabrautin sem við köllum framhaldsskólabrú er ætluð nemendum sem koma beint úr grunnskóla og eru með slakan árangur, annað hvort D í einkunn í tveimur til þremur kjarnagreinum eða með stjórnmerktar einkunnir. Sérnámsbraut er ætluð fyrir nemendur með fötlunargreiningu og er skipulögð sem 7 - 8 anna nám.

Starfsmenn

Þrjú stjórnendur eru í skólanum, skólameistari og aðstoðarskólameistari, báðir í 100% stöðu og áfangastjóri í 60% stöðu. Við skólann starfar deildarstjóri sérnámsbrautar í hlutastarfi. Tveir náms- og starfsráðgjafar eru starfandi við skólann í 125% stöðu og einn sálfræðingur í 50% stöðu. Kennarar á haustönn 2021 voru 27 í 25 stöðugildum og aðrir starfsmenn 7 í 5 stöðugildum. Heildarstarfsmannafjöldi var því 40. Allir kennarar eru með kennsluréttindi og háskólamenntun í sinni kennslugrein og meirihluti þeirra með masterspróf.

Hugmyndafræði

Við skólann er stundað leiðsagnarnám þar sem má segja að kennsluaðferðirnar og námsmatið fléttist saman. Notaðar eru fjölbreyttar verkefna miðaðar kennsluaðferðir og leiðsagnarmat, og stundataflan er brotin upp með verkefnatímum þar sem kennarar eru til taks og nemendur stjórna sjálfir í hvaða verkefnatíma þeir mæta. Kennsluaðferðirnar miða að því að nemendur séu virkir þátttakendur í námi sínu og tileinki sér námsefnið í gegnum verkefni sem þeir vinna. Kjarninn í hugmyndinni er að nemendur fá tækifæri til að ræða námsefnið og verkefnið við kennarana sína og fá síðan umsagnir sem leiða þá áfram, bæði skriflegar og munnlegar. Vinna nemenda er metin jafnt og þétt og ekkert prófatímabil er í lok annar.

Mosfellsbær, 30.11.2022

Guðrún Guðjónsdóttir, aðstoðarskólameistari